

EFTIRLITSSKÝRSLA

EBK Keflavíkurlflugvelli



Dags eftirlits	12.3.2014	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	EBK	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Heimili	Keflavíkurlflugvelli	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4604060210	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Halldór Kristjánsson	ÍSAT nr.	63.23.0
Fulltrúi fyrirtækis	Vilberg Karlsson	Staðsetning	322.019 393.230

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Olíubirgðastöð EBK ehf. er samtengd olíubirgðastöð Olíudreifingar ehf. í Helguvík með olíulögn inn á öryggissvæðið í kringum flugstöð Leifs Eiríkssonar. EBK ehf. er ábyrgt fyrir þrýstiprófunum lagnarinnar frá tengibrunni við Fuel West og inn í stöð EBK ehf. Olíubirgðastöð EBK ehf. er líka samtengd EAK ehf. (Eldsneytisafgreiðslan á Keflavíkurlflugvelli) um svokallaða „hydrantlögn“ sem endar í tengistútum á fluglaði fyrir eldsneytisafgreiðslur á flugvélar. ISAVIA er eigandi hydrantlagnarinnar en EBK ehf. sér um um viðhald, eftirlit og þrýstiprófanir á henni.

Fimm geymar eru í stöðinni, fjórir hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum (2004 og 2011) en einn er nýr (2012). Komið er að þrýstiprófun á þremur geymum í stöðinni.

Lagnir í stöðinni skiptast í þrennt. Inndælingalagnir innan og utan þróar, afgreiðslulagnir innan og utan þróar og undantöppunarlagnir innan og utan þróar. Tvær þær fyrstnefndu eru fyrir gæðaeidsneyti en síðast hópur lagna er „off-spec“ lagnir (úrgangseidsneyti). Lagnir á bílaáðælingaeyju og á prufustand teljast afgreiðslulagnir utan þróar. Lagnir hafa verið þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum, eða þykktarmældar (lagnir innan þróar) enda eru lagnirnar allar ofanjarðar og vandkvæðum bundið að þrýstiprófa þær. EBK ehf. sótti um leyfi fyrir þykktarmælingu í stað þrýstiprófunar og var það leyfi veitt 16. desember 2011 (UST20110900069).

Frárennsli stöðvarinnar fer í gegnum olíuskilju af gerð I (samrunaskilju) og eru olíuleifar mældar að lágmarki árlega. Niðurstöður sýna að skiljan er að skila hlutverki sínu með ágætum og hefur fyrirtækið tekið upp mælingar með Macherey - Nagel olíuprófi.

Bensín er ekki geymt í stöðinni og því er ekki fylgst með losun gufa frá stöðinni.

Skráningar í stöðinni eru með ágætum. Í eftirliti kom fram að tölvukerfi vegna utanumhalds um eftirlit, viðhald og bilanaskráningu er í burðarliðnum.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfsemi EBK ehf. á Keflavíkurlflugvelli. Bent var á að uppfæra þyrfti áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eða lokunar stöðvarinnar og bæta við kvöðum um greiningar á mengun á lóðinni með sýnatöku, í samráði við Umhverfisstofnun.

Staðfest var að starfsleyfið var til staðar í aðstöðuhúsi, svo og afstöðumynd, flæðirit, viðbragðsáætlun, rekstrarhandbók og verklagsreglur um móttöku og afgreiðslu eldsneytis.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar liggur fyrir. Engar athugasemdir voru gerðar við skoðuð gögn.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró). Skoðaðar voru sprungur í mengunarvarnaþró um birgðargeyma og ræddir möguleikar á að þetta þróna betur með því að endurkitta í sprungur. Ráðlagt var að aftengja, blinda og tæma 9000 lítra neðanjarðargeymir sem hefur verið tekinn úr notkun.


Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

ANNAÐ

Bent var á í eftirliti:

1. að blinda, aftengja og hreinsa neðanjarðargeymi sem tekinn hefur verið úr notkun.
2. að þetta mengunarvarnarþró um birgðageyma félagsins.

Reykjavík, 10.04.2014



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.